

24. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er hann varða.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976. Jafnframt eru úr gildi numin þessi laga-ákvæði:

Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 104/1965 sbr. lög nr. 23/1971.

36. gr. laga nr. 42/1903.

60. gr. laga nr. 77/1921.

7. gr. laga nr. 12/1923.

Orðin „1 kr.“ í 2. málsg. 83. gr. og 3. másl. 3. málsg. 83. gr. laga nr. 20/1923.

44. gr. laga nr. 46/1937.

2. másl. 1. málsg. 9. gr. laga nr. 47/1938.

2. málsg. 4. gr. laga nr. 89/1953.

1. málsg. 22. gr. laga nr. 53/1963.

31. gr. laga nr. 21/1966.

14. gr. laga nr. 41/1968.

3. másl. 6. málsg. 12. gr. laga nr. 82/1969.

1. málsg. 26. gr. laga nr. 79/1971.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

19. desember 1975.

Nr. 80.

FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 97. löggjafarþingsins, frá 20. desember 1975 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.